

2017

Félag íslenskra
hjúkrunarfræðinga



FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2017

Setning aðalfundar

Guðbjörg Pálsdóttir, starfandi formaður Fíh setti aðalfundinn. Í ávarpi sínu minnti hún á að aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og því væri ánægulegt að sjá hversu margir hefðu skrá sig á fundinn. Fundinum var jafnframt streymt til félagsmanna sem ekki komumst á staðinn og er það í fyrsta sinn sem það er gert. Guðbjörg sagði félagið halda áfram baráttu fyrir bættum kjörum hjúkrunarfræðinga, þeirri baráttu yrði seint lokið. Sagði hún að kærnum félagsins til kærunefndar jafnréttismála hafi verið vísað frá en þær voru vegna launamismunar deildarstjóra og yfirlækna á Landspítala annars vegar og hins vegar launamismunar hjá svæðistjórum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eftir því hvort svæðisstjórinn er hjúkrunarfræðingur eða læknir. Hvatti hún félagsmenn til að taka þátt í opinberri umræðu um heilbrigðismál með félaginu. Hjúkrunarfræðingar eru fjölmennasta heilbrigðisstéttin og verður hún að beita sér í samræmi við það til hagsbóta fyrir skjólstaðingana og hjúkrunarstarfið sjálft. Hjúkrunarfræðingar eiga að sýna frumkvæði og hafa áhrif á þær ákvarðanir sem eru teknar en ekki láta aðra um að taka ákvarðanir um okkur án okkar. Guðbjörg bennti á að hjúkrunarfræðingar framtíðarinnar hafa verið að rokka bátnum svo um munar undanfarnar vikur og ljóst sé að yngri kynslóðirnar hugsa ekki eins og þær eldri. Yngri kynslóðin horfi á hjúkrun sem launaða vinnu en ekki lífsstíl. Hún hvatti hjúkrunarfræðinga til að standa saman og með þessum hjúkrunarfræðingum framtíðarinnar og ungu hjúkrunarfræðingum, því að ljóst sé að án þeirra verður ekki heilbrigðiskerfið rekið hér á landi. Hjúkrunarfræðingar þurfi að brýna baráttuandann, líkt og gerðist í verkfallinu 2015 og standa saman á sýnilegri hátt sagði hún að lokum.

Kosning fundarstjóra og ritara

Fundarstjóri kosinn: Eva Hjörtína Ólafsdóttir (1.0).

Fundaritarar kosnir: Aðalbjörg J. Finnbogadóttir og Svanhildur Ósk Sigurfinnsdóttir (1.0).

Ávarp heilbrigðisráðherra

Sigrún Gunnarsdóttir aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra í fjarveru Óttarrs Proppé heilbrigðisráðherra ávarpar fundargesti. Nefnir hún samljóm milli þess sem hjúkrunarfræðingar telja brýnt og það sem heilbrigðisráðherra leggur áherslu á. Í stefnu ráðherrans í 5 ára fjármálaáætlun er m.a. á dagskrá bygging nýs landspítala og áhersla lögð á að fjölga fagfólki í framlínu heilsugæslunnar.

Skýrsla um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Guðbjörg Pálsdóttir starfandi formaður gerði grein fyrir starfsemi félagsins á liðnu ári (2.0). Haldnir voru 8 stjórnarfundir og 11 framkvæmdarráðsfundir á starfsárinu.

Helstu verkefni stjórnar á liðnu starfsári voru m.a. skýrslan *Vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga: hjúkrunarfræðingar óskast til starfa*, lífeyrissjóðsmál

hjúkrunarfræðinga, útgáfa siðareglna, útvíkkun starfssviðs hjúkrunarfræðinga, heimsóknir á landsbyggðina, stofnun deilda og kærur til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og kærunefndar jafnréttismála.

Helstu verkefni framkvæmdarráðs á liðnu starfsári voru m.a. viðbrögð við McKinsey skýrslu, vinna Ríkisendurskoðunar vegna skorts á hjúkrunarfræðingum, ýmis innri vinna líkt og þarfagreining á félagatali Fíh, trúnaðarmál, starfsmannaviðtöl formanns við starfsfólk Fíh, kærur og dómsmál, fjárhagsáætlun fyrir árið 2017, breytingar á formanni starfsmenntunarsjóðs og ráðleggingar til hjúkrunarfræðinema vegna ráðninga á Landspítala.

Helstu verkefni fagsviðs á liðnu starfsári voru m.a. hjúkrunarþing um geðhjúkrun, undirbúningur fyrir ráðstefnuna HJÚKRUN 2017, alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga 12. maí þar sem veittir voru styrkir úr B-hluta vísindasjóðs, samstarf við fagdeildir, undirbúningur fyrir 100 ára afmæli félagsins árið 2019, umsagnir um frumvörp og þátttaka í erlendu samstarfi.

Helstu verkefni kjara- og réttindasviðs á liðnu starfsári voru m.a. skýrsla um stöðu mönnunar hjúkrunarfræðinga; „*Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa, vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga*“, vinna vegna bókar 3 í dómsátt fyrir Gerðardómi, kynningarnámskeið um kjara- og réttindamál, vinnustaðafundir og samstarf við erlend fagfélög og nemafélög.

Fjármál Fíh eru í höndum Sólveigar Stefánsdóttur, fjármálastjóra. Rekstrarniðurstaða félagsjóðs á árinu 2016 var góð og betri en áætlanir gerðu fyrir. Lögð er mikil áhersla á ítarlega áætlanagerð um fjármál og rekstur sjóða félagsins fyrir hvert ár. Aukning var á styrkveitingu vísindasjóðs á liðnu starfsári og endurgreiðsla félagsgjalda til félagsmanna var meiri.

Skrifstofa félagsins starfaði líkt og fyrri starfsár að þjónusta félagsmenn vegna fag- og stéttarfélagstengdra málefna, auk þess er veitt almenn skrifstofuþjónusta og upplýsingamiðlun.

Aukning var á styrkjum Starfsmenntunarsjóðs um 18% og 413 % aukning á styrkjum úr Styrktarsjóði á árinu 2016 frá árinu 2015.

Útgáfa Tímarits hjúkrunarfræðinga hefur gengið í gegnum nokkrar breytingar undanfarið. Árið 2015 var ákveðið að hætta prentun tímaritsins og um mitt sama ár var það gefið út sem app-útgáfa. Þessi breyting gaf ekki góða raun þar sem fáir hlóðu niður blaðinu í app-útgáfunni. Gefin voru út fimm tölublöð árið 2016, þar af eitt aukablað um öldrunarhjúkrun. Samkvæmt notendakönnun kom fram að tæplega helmingur félagsmanna kys að lesa blaðið á prenti. Í framhaldi var ákveðið að breyta útgáfunni þannig að það kæmi út tvisvar á ári í prentaðri útgáfu og eitt rafrænt aukablað sem helgað verður ákveðnu þema, auk þess sem haldið verður úti vefriti á vefsvæði félagsins sem er í vinnslu.

Helstu verkefni vef og verkefnastjórnar á árinu voru m.a. þarfagreining fyrir vefsvæði, umsjón með tölvu- og tæknimálum félagsins, umsjón með endurgerð snyrtingar í skrifstofuhúsnæðis Fíh og daglegur rekstur vefsvæðisins www.hjukrun.is, minna síðna

og facebook síðu félagsins. Félagsmenn eru hvattir til að uppfæra persónuupplýsingar á mínum síðum.

Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Sólveig Stefánsdóttir, fjármálastjóri Fíh og Birgir Örn Ólafsson, gjaldkeri Fíh gerðu grein fyrir ársreikningum félagsins fyrir 2016 (3.0). Ársreikningur var staðfestur án athugasemda af endurskoðendum BDO, skoðunarmönnum félagsins og af stjórn félagsins. Staða sjóða félagsins var betri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Áætlað var tap af rekstri félagssjóðs upp á 7,5 milljónir króna árið 2016 en niðurstaðan var hagnaður upp á 5,4 milljónir kr.

Vinnuveitendur borga í vísindasjóð, orlofssjóð, starfsmenntunarsjóð og styrktarsjóð. Félagsmenn greiða sjálfir í félagssjóð og vinnudeilusjóð. Farið var yfir eigið fé hvers og eins sjóðs fyrir sig. Gert er ráð fyrir að hver sjóður fyrir sig standi undir kostnaði. Starfsmenntunar og vísindasjóður skila tapi, en félagssjóður, orlofssjóður, vinnudeilusjóður og styrktarsjóður skila hagnaði.

Ársreikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.

Ársreikningur Rannsókn- og vísindasjóðs hjúkrunarfræðinga var lagður fram (3.1). Veittir voru þrjú styrkir á árinu 2016 úr sjóðnum, til Helgu Jónsdóttur, Hlífur Guðmundsdóttur og Auðar Ketilsdóttur. Eigið fé í lok árs voru 4,6 milljón kr. Ársreikningur Rannsókn- og vísindasjóðs var samþykktur samhljóða.

Ársreikningur Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen var lagður fram (3.2). Einn styrkur var veittur úr sjóðnum haustið 2016. Óráðstafað eigið fé í lok árs voru 1,1 milljón kr. Ársreikningur Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen var samþykktur samhljóða.

Ársreikningur Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar var lagður fram (3.3). Fimm styrkir voru veittir úr sjóðnum haustið 2016. Eigið fé í lok árs 2016 voru 4,6 milljón kr. Ársreikningur Minningarsjóðs Hans Adols Hjartarsonar var samþykktur samhljóða.

Ákvörðun um félagsgjöld

Birgir Örn Ólafsson, gjaldkeri félagsins kynnti tillögu stjórnar varðandi félagsgjöld (4.0). Tillaga um að félagsgjöld verði óbreytt, 1,35% af dagvinnulaunum, af því renna 0,15% beint til vinnudeilusjóðs. Félagsgjöld fagaðila verði áfram 10.000 krónur á ári og félagsgjöld aukaaðila áfram 1.000 krónur á ári.

Ákvörðun um óbreytt félagsgjöld var samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla markmiða og starfsáætlunar næsta starfsár

Arndís Jónsdóttir, varaformaður Fíh kynnti starfsáætlun stjórnar fyrir starfsárið 2017-2018 (5.0). Unnið verður að ýmsum verkefnum á næsta starfsári.

Á starfsáætlun Fagsviðs er m.a. ráðstefnan HJÚKRUN 2017, endurskoðun reglna sjóða félagsins, alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga 12. maí 2018, 100 ára afmæli félagsins 2019, þátttaka í erlendu samstarfi og umsagnir um frumvörp, þingályktanir o.fl

Á starfsáætlun Kjara- og réttindasviðs er m.a. eftirfylgni á skýrslunni

„Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa, vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga“, áframhaldandi vinna að bókun 3 í dómsátt fyrir Geðrardómi, vinna að fá aðgengi að upplýsingum um föst launakjör hjúkrunarfræðinga, kærur til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og kærunefndar jafnréttismála, stofnanasamningagerð.

Á starfsáætlun fulltrúa nema og nýbrautskráða er m.a. á dagskrá að vinna að fjölgun hjúkrunarnema innan Fíh og kynningar til nema.

Á starfsáætlun fjármálasviðs er m.a. árskýrsla á dagskrá í fyrsta sinn á næsta ári, endurskoðun reikninga og uppbygging tölvukerfa.

Á starfsáætlun Tímarits hjúkrunarfræðinga er m.a. hönnun og útfærsla á vefriti, aukatímarit tengt ráðstefnunni hjúkrun 2017, samstarfsvettvangur ritstjóra fag tímarita á Íslandi og áframhaldandi ímyndavinna.

Á starfsáætlun vef- og verkefnastjórnar er m.a. áframhaldandi vinna við endurhönnun og gerð vefsvæðis Fíh, unnið verður að útgáfu ársskýrslu Fíh og áframhaldandi ímyndarvinnu.

Tillaga kom úr sal um að styðja við erlenda hjúkrunarræðinga sem vinna á Íslandi.

Starfssemisáætlun næsta starfsárs var samþykkt samhljóða.

Kynning fjárhagsáætlunar næsta starfsárs

Sólveig Stefánsdóttir, fjármálastjóri Fíh og Birgir Örn Ólafsson, gjaldkeri Fíh, kynntu fjárhagsáætlun næsta starfsárs. Gert er ráð fyrir heildar rekstrartekjum félagssjóðs upp á 195 milljónir kr. Áætluð rekstrargjöld eru 202 milljónir kr., eða 5% hærra en árinu áður. Niðurstaða ársins er áætlað rekstrartap upp á 7 milljónir kr., sem gengur þá á það eigið fé sem safnast hefur upp til nokkurra ára.

Fjárhagsáætlun Orlofssjóðs næsta starfsár (6.1).

Fjárhagsáætlun Starfsmenntunarsjóðs næsta starfsár (6.2).

Fjárhagsáætlun Styrktarsjóðs næsta starfsár (6.3)

Fjárhagsáætlun Vinnudeilusjóðs næsta starfsár (6.4).

Fjárhagsáætlun Vísindasjóðs næsta starfsár (6.5).

Starfsreglur sjóða og nefnda

Ólöf S. Sigurðardóttir kynnti breytingartillögur sjóðsstjórnar Orlofssjóðs (7.1). Helstu breytingar:

3 gr. Réttur til aðildar að sjóðnum. Fagaðilar munu hafa aðild að sjóðnum á meðan þeir eiga punkta.

8 gr. Skyldur sjóðsfélaga. Verið að ítreka bann við því að sjóðsfélagar framselji öðrum leigurétt eða leyfi ókunnugum að leigja í sínu nafni húsnæði Orlofssjóðs og skýra refsiakvæði ef því banni er ekki framfylgt. Við setningu refsiakvæða er tekið mið af reglum annarra sjóða m.a. hjá BHM. Jafnframt er verið að hækka þrifagjaldið miðað við núgildandi vísitölu neysluverðs og setja reglur varðandi innheimtu þess.

9 gr. Úthlutun. Sett er inn til að auka skýrleika á því að sjóðsfélagar sem ekki eiga punkta geta eins og aðrir félagsmenn leigt lausar íbúðir og bústaði með viku fyrirvara.

12. gr. Úrsögn. Verið er að breyta 12. greininni til samræmis við 3. gr. Tekin er út setningin „Innistandandi punkta er heimilt að nota næsta almanaksár eftir úrsögn úr sjóðnum“ til samræmis við þær breytingar að nú geta sjóðsfélagar klárað punktæign sína á lengri tíma en þar kemur fram.

Tillaga úr sal um að fagiðalar fái punkta sína endurvirkjaða sem þeir voru lagðir niður á sínum tíma.

Tillaga úr sal um kynningarátak á nýju reglunum.

Starfsreglur Orlofssjóðs voru samþykktar með meirihluta fundargesta, einn greiddi atkvæði á móti.

Formannskjóri lýst

Margrét Tómasdóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir formannskjör Fíh (8.0). Eitt framboð barst frá Guðbjörgu Pálsdóttur, starfandi formanni og fyrverandi varaformanni. Er því Guðbjörg Pálsdóttir formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga til næstu tveggja ára.

Kjör í nefndir og ráð

Margrét Tómasdóttir, formaður kjörnefndar Fíh, fór yfir kjör í nefndir og ráð (8.0). Næg framboð bárust í allar nefndir og ráð.

Stjórn 2017-2019

Arndís Jónsdóttir

Halla Eiríksdóttir

Hildur Björk Sigurðardóttir

Varamenn:

Anna María Þórðardóttir
Guðrún Yrsa Ómarsdóttir

Ritnefnd Tímarits hjúkrunarfræðinga 2017-2019

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir
Sigríður Halldórsdóttir
Þorgerður Ragnarsdóttir
Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir

Siða- og sáttanefnd 2017-2019

Harpa Þöll Gísladóttir
Ólöf Gunnhildur Ólafsdóttir
Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal

Varamenn:

Hildur Helgadóttir
Jóhanna Valgeirsdóttir

Orlofssjóður 2017-2019

Anna Lía Baldursdóttir
Guðrún Lovísa Ólafsdóttir
Helga Harðardóttir
Kristín Hjördís Leósdóttir
Ólöf S. Sigurðardóttir

Styrktarsjóður 2017-2019

Aðalheiður D. Matthíasdóttir
Sigrún Barkardóttir
Svanlaug Guðnadóttir

Varamenn:

Ragnheiður Margrét Ingimundardóttir
Ellen Björnsdóttir

Skoðunarmenn reikninga

Herdís Herbertsdóttir
Þórgunnur Hjartardóttir

Kjörnefnd 2017-2019

Margrét Tómasdóttir
Ólöf Árnadóttir

Unnur Þormóðsdóttir

Varamaður:

Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir

Önnur mál

Stofnun nýrra fagdeilda (9.1).

Deild sérfræðinga í hjúkrun (9.1.1). Samþykkt samhljóða.

Fagdeild vísindarannsakenda í hjúkrun (9.1.2). Samþykkt samhljóða.

Fagdeild bæklunarhjúkrunarfræðinga (9.1.3). Samþykkt samhljóða.

Stofnun nýrra landsvæðadeilda (9.2)

Deild hjúkrunarfræðinga á Akranesi og nágrenni (9.2.1). Samþykkt samhljóða.

Deild hjúkrunarfræðinga í Eyjafirði (9.2.2). Samþykkt samhljóða.

Deild hjúkrunarfræðinga á norðanverðum Vestfjörðum (9.2.3). Samþykkt samhljóða.

Deild hjúkrunarfræðinga á Norðvesturlandi (9.2.4). Samþykkt samhljóða.

Deild hjúkrunarfræðinga á Suðurlandi (9.2.5). Samþykkt samhljóða.

Deild hjúkrunarfræðinga á Suðurnesjum (9.2.6). Samþykkt samhljóða.

Deild hjúkrunarfræðinga í Vestmannaeyjum (9.2.7). Samþykkt samhljóða.

Deild hjúkrunarfræðinga í Þingeyjasýslum (9.2.8). Samþykkt samhljóða.

Ályktanir Fíh.

Aðalfundur samþykkti eftirfarandi ályktanir

Ályktun um fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, haldinn 18. maí 2017, lýsir yfir þungum áhyggjum af ófullnægjandi fjárveitingum til opinbera heilbrigðiskerfisins og telur að það geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir starfsemi og faglega stöðu heilbrigðisþjónustu í landinu.

Aðalfundur skorar á yfirvöld að tryggja rekstargrunn heilbrigðisstofnana í landinu.

Jafnframt lýsir félagið sig reiðubúið til samstarfs við stjórnvöld um nauðsynlega eflingu heilbrigðiskerfisins.

Ályktun um starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga

Aðalfundur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, haldinn 18. maí 2017, lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fækkunar starfandi hjúkrunarfræðinga á heilbrigðisstofnunum.

Félagið skorar á stjórnvöld að stuðla að bættu starfsumhverfi og hækkun launa til þess

að fleiri hjúkrunarfræðingar kjósi að vinna á heilbrigðisstofnunum landsins. Í nýrri skýrslu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um vinnumarkað hjúkrunarfræðinga er bent á mikilvægi þess fyrir heilbrigðiskerfið að vel sé mannað af hjúkrunarfræðingum. Brýnt er að bregðast við strax til að tryggja að hægt sé að veita fullnægjandi heilbrigðisþjónustu með öryggi sjúklinga að leiðarljósi.

Aðalfundi slitið

Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Fíh, sleit aðalfundi. Í lokaorðum sínum þakkaði hún gefið traust fyrir formennsku. Hún horfi björtum augum til framtíðar og sjái víða tækifæri. Hún vill sérstaklega þakka fráfarandi stjórn. Stjórn fer úr 18 manna stjórn yfir í 7 manna stjórn, en framkvæmdarráð verður jafnframt lagt niður. Einnig þakkaði Guðbjörg starfsfólki félagsins fyrir vel unnin störf sem hún sagði að hafi mikinn áhuga á starfi sínu og hafi faglegan metnað í fyrirrúmi.

Á aðalfundinn voru skráðir 159 félagsmenn með atkvæðisrétt. Á fundinn mættu 92. Aðalfundi slitið kl. 22.10

Aðalbjörg Finnbogadóttir fundarritari
Svanhildur Ósk Sigurfinnsdóttir fundarritari
Eva Hjörtína Ólafsdóttir fundarstjóri